

grenni (BSAB), kr. 84.079.92 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 35.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1975.

Nr. 165/1974. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Einari Sverri Einarssyni og

(Örn Clausen hrl.)

Tryggva Rúnari Leifssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Þjófnaður. Eignaspjöll.

Dómur Hæstaréttar.

Atferli það, sem ákærða Einari Sverri Einarssyni er gefið að sök í ákæruskjali 24. ágúst 1972, er réttilega heimfært undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en eigandi bifreiðar þeirrar, R 13040, sem greinir í ákæruskjali 22. mars 1973, hefur gert refsikröfu á hendur ákærða Einari Sverri í máli þessu, sbr. 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Einar Sverri Einarsson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 40.000, og ákærða Tryggva Rúnar Leifsson til að greiða skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 30.000.

Þá ber að dæma ákærða Einar Sverri Einarsson einan til að greiða $\frac{2}{3}$ hluta af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með talda $\frac{2}{3}$ hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 30.000, og ákærða Tryggva Rúnar Leifsson einan til að greiða $\frac{1}{3}$ hluta annars áfrýjunarkostnaðarins, þar með talinn $\frac{1}{3}$ hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 15.000.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Einar Sverrir Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Ákærði Einar Sverrir Einarsson greiði einn $\frac{2}{3}$ hluta af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með talda $\frac{2}{3}$ hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 30.000.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson greiði einn $\frac{1}{3}$ hluta af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með talinn $\frac{1}{3}$ hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 15.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. september 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 20. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 404-405/1973: Ákærvaldið gegn Einari Sverri Einarssyni og Tryggva Rúnari Leifssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjölum saksóknara ríkisins gegn ákærðu, Einari Sverri Einarssyni, Safamýri 65, Reykjavík, fæddum þar í borg 11. ágúst 1944, og Tryggva Rúnari Leifssyni, Selásbletti 14, Reykjavík, fæddum þar í borg 2. október 1951, svo sem hér greinir:

Með ákæruskjali, dagsettu 24. ágúst 1972, gegn báðum ákærðu „fyrir þjófnað með því að hafa í félagi, föstudagsmorguninn 23. júní 1972, stolið frá finnskum ferðamanni, Tage Vilhelm Jönson, sem þá bjó á Farfuglaheimilinu, Laufásvegi 41, Reykjavík, skjaltatösku, sem hafði að geyma um 21.500 japönsk yen, 8 kanadiska dollara, Philips-rafmagnsrakvél, Kodak-kvikmyndatökuvél, tvær japanskar bankabækur með innstæðu, sem nam 110.000.00 japönskum yenum, eina sænska bankabók með S kr. 273.00 innstæðu og nokkrum öðrum persónulegum munum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Gegn báðum ákærðu með ákæruskjali, dagsettu 10. nóvember sama ár, „fyrir að hafa í félagi, laugardagsmorguninn 22. júlí 1972, er þeir voru staddir í íbúð að Tjarnargötu 3, Reykjavík, ásamt Jóni Helga Kristmundssyni, Fornhaga 15, Reykjavík, stolið af Jóni Helga peningaveski, sem hafði að geyma m. a. kr. 4.000.00 í peningum. Ákærðu voru handteknir á staðnum og höfðu þá falið veskið undir teppi í stofu, en tekið úr því peningana.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Með ákæruskjali, dagsettu 6. desember sama ár, gegn ákærða Tryggva Rúnari „fyrir þjófnað með því að stela, sunnudagsnóttina 1. október 1972, frá Sigurði Magnússyni, Suðurlandsbraut 73, Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi umrædda nótt, um kr. 6.000.00 í peningum og strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 3.900.00, sem hvort tveggja var geymt í læstu skrifborði, sem ákærði sprengdi upp í þessu skyni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Með ákæruskjali, dagsettu 22. mars sl., gegn ákærða Einari Sverri „fyrir eignaspjöll með því að hafa, laugardagsnóttina 2. desember 1972, sparkað á vinstra afturbretti leigubifreiðarinnar R 13040, sem hafði þurft að stöðva á Borgartúni í Reykjavík gegnt

veitingahúsinu „Klúbbnum“, og urðu af þessu spjöll á bifreiðinni, sem áætlað er, að kosti kr. 3.500.00 að bæta úr.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Loks með ákæruskjali, dagsettu 5. júní sl., gegn ákærða Einari Sverri „fyrir að brjótast í þjófnaðarskyni, þriðjudagsnóttina 13. mars 1973, inn í Lyfjabúð Breiðholts við Arnarbakka í Reykjavík, þar sem hann var handtekinn á staðnum.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærur og refsingum sem hér segir:

Ákærði Einar Sverrir:

1962 26/9 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1962 9/10 Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1963 27/3 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 9/9 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 9/12 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.

1964 9/3 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 1/7 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

1964 20/7 Reykjavík: Sátt 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 29/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1967 7/3 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 22/5 1967.

1968 14/11 Gullbringusýslu: Dómur: 2 ára fangelsi fyrir brot á 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

1970 30/1 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1971 22/1 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Ákærði Tryggvi Rúnar:

- 1966 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9. janúar 1967.
- 1968 16/8 Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1969 29/10 Reykjavík: Dómur: 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 217., 218. og 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur heimild til ökuréttinda í 1 ár frá dómsbirtingu.
- 1970 30/1 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt, fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlaga.
- 1970 10/4 Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 246. gr. hegningarlaga.
- 1970 16/6 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1971 19/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 219. gr. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum.
- 1971 15/7 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 9/3 Reykjavík: Dómur: Refsing felld niður, en sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir brot á 217. og 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 24. ágúst 1972.

Föstudaginn 23. júní 1972, klukkan 0700, kom á lögreglustöðina hér í borg Tage Vilhelm Jönson, finnskur ríkisborgari, er dvaldist á Farfuglaheimilinu að Laufásvegi 41 hér í borg. Skýrði hann frá því, að hann hefði þá um morguninn vaknað í herbergi sínu í Farfuglaheimilinu við, að ókunnur maður stóð við rúm hans. Hefði maður þessi hraðað sér burtu. Tage kvaðst sakna skjalatösku, er standa átti við rúmið.

Tage kvað töskuna hafa verið brún-græna, upphaflega gerða fyrir hægengar hljómplötur, með einu handfangi. Í töskunni hefðu verið 2 japanskar bankabækur, 1 sænsk bankabók frá STOCKHOLMS SPARBANK, um það bil 21.500.00 japönsk yen, 8 kanadiskir dollarar, um það bil 7 ljósmyndir, rafmagnsrakvél, 1 Kodak kvikmyndatökuvél Supers, orðabókin „Teach Yourself Icelandic“, tannbursti og aðrir persónulegir munir. Kvaðst Tage

hafa orðið þess var, að menn voru þarna á ferð, en ekki séð annan nema mjög óglögg. Framangreindum manni lýsti hann þannig, að hann hefði verið dökkhærður, meðalmaður með nokkuð mikið hár, án þess að vera síðhærður, um það bil 27 ára og klæddur brúnni stormblússu. Lögreglumenn hófu leit í nágrenni Farfuglaheimilisins, en án árangurs. Einnig var haft samband við leigubifreiðastöðvar og Umferðarmiðstöðina og óskað aðstoðar, ef vart yrði manns, er framangreind lýsing ætti við.

Sama dag, um klukkan 1830, var hringt frá lögreglustöðinni við Pósthússtræti til rannsóknarlögreglunnar og tilkynnt, að frést hefði af ungri stúlku, sem verið hefði að reyna að fá skipt japönskum yenum í banka í íslenska peninga. Stúlkan hefði verið í leigubíl frá Hreyfli, og við nánari eftirgrennslna kom í ljós, að um var að ræða leigubifreiðina R 18813. Skömmu seinna hafðist upp á leigubifreið þessari, og var komið með bifreiðarstjóran til rannsóknarlögreglunnar ásamt konu, sem var farþegi í henni. Ökumaður bifreiðarinnar var Ingi Sigurður Ágúst Olgeirsson, Hverfisgötu 102, en farþeginn Soffía Theodórsdóttir, Suðurlandsbraut 63, og var hún greinilega undir áhrifum áfengis. Ingi Sigurður sagði, að auk Soffíu hefðu verið í bifreiðinni tveir karlmenn og ein stúlka, sem hann ekki þekkti. Þau hefðu látið sig aka að tveim bönkum a. m. k. og hefði stúlkan farið þar inn. Ekki sagðist Ingi Sigurður vita, hvað stúlkan hefði verið að gera. Hann sagði, að kallað hefði verið á sig af lögreglustöðinni og hann beðinn að koma með fólkið þangað. Sagðist hann ekki hafa getað haldið því í bifreiðinni. Hefðu báðir karlmennirnir og önnur stúlkan farið í skyndi úr bifreiðinni við gatnamót Háteigsvegar og Nóatúns, er hann þurfti að hægja ferðina. Bæði Ingi Sigurður og Soffía skoðuðu myndir í myndasafni rannsóknarlögreglunnar hvort í sínu lagi, og bar þeim saman um það, að menn þeir, sem verið höfðu í bifreiðinni, hefðu verið ákærðu, Tryggvi Rúnar Leifsson og Einar Sverrir Einarsson. Soffía sagði, að unga stúlkann hefði verið frá Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, en ekki sagðist hún vita nafn hennar. Síðar komst lögreglan að því, að um Sólrúnu Elísóttur var að ræða. Soffía sagðist ekki vita um gjaldeyri þann, sem stúlkan hefði verið að reyna að skipta.

Ingi Sigurður kvað fólk þetta hafa veifað sér á götu í miðborginni, nokkru áður en kallað var í hann frá leigubílastöðinni. Þá kom það einnig fram, að Soffía hefði hitt þetta fólk af tilviljun rétt áður.

Lögreglan handtók ákærða Einar Sverri mánudaginn 26. júlí og

ákærða Tryggva Rúnar miðvikudaginn 28. sama mánaðar. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni neituðu báðir ákærðu að vera valdir að umræddum þjófnaði. Verða nú raktir framburðir vitna og ákærðu um málsatvik.

Við yfirheyrsluna á Tage Vilhelm Jönson var stillt upp í hegningarhúsinu tug manna, og voru ákærðu Einar Sverrir og Tryggvi Rúnar þar á meðal. Athugaði Tage Vilhelm síðan hópinn. Benti hann á ákærða Einar Sverri og taldi, að hann hefði verið annar manna þeirra, er komu inn í herbergi hans í Farfuglaheimilinu umræddan morgun. Hinn manninn eða mann þann, er tók töskuna, kvaðst hann ekki hafa greint nægilega vel til að þekkja hann aftur.

Vitnið Tage Vilhelm hefur staðfest fyrir dómi, að öruggt sé, að maður sá, er það benti á í hegningarhúsinu, þ. e. ákærði Einar Sverrir, sé sá, sem var í herbergi þess, er það vaknaði. Hafi hann hrífsað leðurjakka, sem annar gestur átti, en hent honum frá sér, er honum var veitt eftirför. Vitnið kveðst hafa hlaupið á eftir mönnunum út. Hafi ákærði Einar Sverrir staðið á miðri götunni fyrir utan Farfuglaheimilið, er það kom út. Vitnið spurði ákærða, hvar sá væri, er tekið hefði tösku þess. Ákærði yppti bara öxlum, og fannst vitninu það þá ekkert geta annað gert en fara til lögreglunnar. Þegar lögreglan kom, voru báðir mennirnir horfnir.

Vitnið kveður aðra sparisjóðsbókina hafa verið á Tokyo banka með yenum 50.000.00 innstæðu, en hin á Dai Ichi Kangyo banka með yenum 60.000.00 innstæðu. Sænska bankabókin var við Stockholms Sparbank, og voru í henni sænskar kr. 273.00.

Telur vitnið, að verðmæti þeirra hluta, sem tekið var frá því, sé um kr. 9.350 samtals.

Vitnið Sólrún Elísóttir, Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, var yfirheyrð fyrst hjá rannsóknarlögreglunni 27. júní. Viðurkenndi hún þá strax að hafa reynt að selja japanska peninga umræddan dag fyrir ákærða Einar Sverri, en eigi kvaðst hún vita, hvar hann hefði fengið peninga þessa. Hefði hún hitt ákærðu og Soffíu Theodórsdóttur á veitingastofunni Ísborg í Austurstræti margnefndan dag, um klukkan 1700, og þau farið saman í leigubifreið. Ákærði Einar Sverrir hefði verið með japanska peninga, yen, og spurt, hvort hún vildi ekki reyna að fá þeim skipt í banka fyrir sig. Hefði hún orðið við tilmælum ákærða.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. júlí, er vitnið var samprófað við ákærðu, breytti það framburði sínum frá 27. júní. Kvaðst hún þá hafa gefið ranga skýrslu og bar því við, að hún

hefði ekki verið með sjálfri sér og ekki vitað, hvað hún var að segja. Kvaðst hún aldrei hafa verið í nefndum leigubíl umræddan föstudag með ákærðu og Soffíu. Hafi hún aldrei tekið við japönskum peningaseðli hjá ákærða Einari Sverri og reynt að fá honum skipt í íslenska peninga í banka. Vissi hún ekki, hver þar hafi verið að verki.

Við samprófun við vitnin Soffíu og Inga Sigurð Ágúst daginn eftir breytti vitnið aftur framburði sínum og kvaðst nú vilja segja sannleikann í málinu. Væri skýrsla þess frá 27. júní rétt.

Vitnið hefur skýrt frá því við yfirheyrslu, að ákærði Einar Sverrir hafi hringt til sín um klukkan 8 að morgni föstudagsins 23. júní 1972. Kvaðst ákærði vera staddur heima hjá meðákærða, Tryggva Rúnari. Hafi þau ákveðið að hittast niðri í bæ síðar þennan sama dag. Kveðst hún hafa hitt ákærðu og Soffíu Theódórsdóttur á veitingastofunni Ísborg í Austurstræti, líklega um klukkan 1700. Er þau höfðu verið þarna inni dálítinn tíma, fóru þau út og tóku saman leigubíl. Var fyrst farið í áfengisútsöluna við Lindargötu og keypt þar ein flaska af ákavíti. Ákærði Tryggvi Rúnar fór inn og keypti flöskuna, en ekki veit vitnið, hver lagði út peningana fyrir henni. Á eftir sagði ákærði Einar Sverrir því, að hann væri með japanska peninga, yen, og spurði það, hvort það vildi ekki reyna að skipta þeim í banka fyrir sig. Vitnið spurði hann ekki að því, hvar hann hefði fengið þessa peninga, en það sagðist skyldu reyna að láta skipta þeim. Fékk vitnið seðil að fjárhæð 1.000 yen í hendur hjá ákærða. Fyrst fór vitnið í útibú Búnaðarbankans við Hlemmtorg, en þar var því sagt, að ekki væru teknir japanskir peningar. Var þá farið í sömu erindagerðum að útibúi Landsbankans, Laugavegi 77. Fór vitnið þar inn, en móttökurnar voru þær sömu, og var þá ekki reynt meira við þetta. Ekki sá vitnið meira af peningum hjá ákærða en að framan greinir, en kveður hann samt hafa getað verið með meira. Vitnið fékk ákærða aftur seðil þann, sem það hafði reynt að skipta. Á eftir ætluðu þau að fara heim til Soffíu, en þegar bifreiðarstjórinn var kallaður upp og beðinn að fara með þau á lögreglustöðina, urðu þau hálfhrædd. Var það þó mest áberandi hjá ákærða Einari Sverri, því að hann rauk út úr bifreiðinni á gatnamótum Háteigsvegar og Skipholts og þau ákærði Tryggvi Rúnar á eftir honum. Eftir að þau fóru úr bifreiðinni, tóku þau aðra bifreið og fóru heim til ákærða Tryggva Rúnars. Sátu þau þar við drykkju þar til um kvöldið, er þau fóru í hús uppi í Hraunbæ. Þaðan fóru þau í leigubíl niður að Umferðarmiðstöð, þar sem lögreglan hand-

tók ákærða Tryggva Rúnar. Vitnið segir, að er það fyrir skömmu var vistað eina nótt í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, hafi þau ákærði Einar Sverrir kallast á og hafi ákærði þá m. a. sagt því, að allt væri falið. Vitnið segir, að ákærði Einar Sverrir hafi sagt þetta, eftir að hún sagði honum, að rannsóknarlögreglan hefði spurt hana, hvort hún vissi, hvar þýfið væri falið. Vitnið kveðst ekki hafa séð í fórum ákærðu neinar vélar né hluti, sem finnski maðurinn saknaði.

Vitnið Soffía Theódórsdóttir, Suðurlandsbraut 63, kom í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar hinn 23. júní og skoðaði þá myndasafn rannsóknarlögreglunnar. Benti hún á myndir af ákærðu, er þar voru, og kvað þá hafa verið í bifreið Inga Sigurðar Ágústs í umrætt sinn. Þá fór fram sakbending í hegningarhúsinu. Stíllt var upp 7 mönnum, þar á meðal ákærðu Einari Sverri og Tryggva Rúnari. Vitnið leit yfir hópinn, og benti það strax á ákærðu sem þá sömu, sem verið hefðu í leigubifreiðinni R 18813 framangreindan dag. Ekki sé það í neinum vafa um þetta. Vitnið kveðst hafa hitt ákærðu og Sólrúnu á Ísbarnum í Austurstræti um klukkan 1700 framangreindan dag, eftir því sem það man best. Sólrún var með áfengi, og fékk það eitthvað að smakka á því. Þau tóku leigubifreið í Hafnarstræti, og var farið í áfengisútsöluna við Lindargötu og þar keypt ein flaska af ákavíti, en síðan var ekið um í bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa séð japanska peninga í fórum ákærða Einars Sverris og segir, að það hafi verið hann, sem lét Sólrúnu hafa þá, og hann hafi beðið hana að fara í banka og gera tilraun til að fá þeim skipt í íslenska peninga.

Vitnið telur, að báðir ákærðu hafi verið við málið riðnir, en ákærði Einar Sverrir hafi haft sig meira í frammi í leigubílnum, eins og hann stjórnaði frekar aðgerðum. Vitnið varð við, að farið var að tveimur bönkum, öðrum á Hlemmtorgi, en hinum á Laugavegi, og Sólrún fór þar inn í bæði skiptin. Erindi hennar var að fá skipt útlendri mynt. Sá vitnið, að það voru japanskir peningar, 2.000 yen. Hún gat ekki fengið peningunum skipt og kom með þá aftur út í bifreiðina. Ætlunin var að fara heim til vitnisins á eftir, en leigubifreiðarstjórinn var kallaður upp frá lögreglustöðinni og beðinn að koma með farþegana. Við þetta kom mikið fát á alla nema vitnið, og ruku ákærðu og Sólrún út úr bifreiðinni. Fannst vitninu bifreiðarstjórinn ekki gera mikið til að reyna að aftra brottför þeirra. Ekki hefur vitnið neina hugmynd um, hvert ákærðu og Sólrún fóru, og ekki varð það vart við, að þau væru með neitt annað í fórum sínum en áður nefndan

gjaldeyri. Vitnið fór síðan á lögreglustöðina með bifreiðarstjóranum, en þaðan til rannsóknarlögreglunnar. Það kveðst ekki hafa heyrt ákærðu og Sólrúnu neitt orða það, hvar þau hefðu fengið gjaldeyrinn.

Vitnið Ingi Sigurður Ágúst hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið eftir Hafnarstræti, er framangreint fólk, sem það þekkti ekkert, veifaði til þess. Vitnið nam staðar og tók það upp í bifreiðina. Var ekið að útsölu Áfengisverslunar ríkisins við Lindargötu, og þar fór annar ákærði, eða sá ljóshærði, inn og keypti eina flösku af áfengi. Vitnið sá japanskan peningaseðil hjá þeim dökkhærða, eða ákærða Einari Sverri, og heldur, að það hafi verið 1.000 yen. Ekki skoðaði vitnið seðilinn þó nákvæmlega. Önnur stúlkan reyndi að fá seðlinum skipt, bæði í Búnaðarbankanum við Hlemmtorg og í útibúi Útvegsbankans við Laugaveg, en hún kom með seðilinn aftur, og tók ákærði við honum. Ekki sá vitnið annað af útlendri mynt en yenin í fórum þeirra. Soffía Theódórsdóttir bauð fólkinu að koma heim til sín, og var vitnið á leiðinni þangað, þegar það var kallað upp og beðið að koma á lögreglustöðina með farþegana. Við fyrstu gatnamót, sem vitnið kom að, þurfti það að hægja ferðina, og hlupu ákærðu og yngri stúlkan þá út úr bílnum. Sú eldri varð eftir, og hafði hún ekkert á móti því að koma með á lögreglustöðina. Hélt vitnið þangað, og eftir að það hafði talað við lögregluna, ók það með konuna upp á Háabæ og borgaði hún 200 krónur fyrir ökuferðina. Vitnið veit ekki, hvað varð af japanska peningaseðlinum. Vitnið skoðaði myndasafn rannsóknarlögreglunnar og benti þar á myndir af ákærðu Einari Sverri og Tryggva Rúnari, sem það kvað hafa verið farþega sína.

Þá var stillt upp í hegningarhúsinu 8 mönnum, og voru ákærðu þar á meðal. Benti vitnið á ákærðu og kvað þá hafa verið farþega í bifreið sinni í umrætt sinn.

Ákærði Einar Sverrir hefur neitað að hafa framið margnefndan þjófnað og viti eigi, hver hafi verið þar að verki. Ákærði kveðst hvorki að morgni föstudagsins 23. júní 1972 né í annan tíma hafa komið í Farfuglaheimilið að Laufásvegi 41. Ákærði kannast ekki við að hafa verið með japönsk yen í fórum sínum. Ákærði kveðst ekki kannast við Tage Vilhelm Jónson. Ákærði neitar að hafa verið í leigubifreiðinni R 18813 framangreindan dag ásamt meðákærða, Sólrúnu Elísóttur og Soffíu Theódórsdóttur. Heldur hann því fram, að hann hafi ekki séð Soffíu fyrr en við sabbendinguna hjá rannsóknarlögreglunni.

Ákærði kveður þá ákærða Tryggva Rúnar Leifsson hafa verið

setta í hegningarhúsið fimmtudaginn 22. júní vegna þjófnaðarbrots, en sleppt sama dag. Eftir það hófu ákærðu drykkju og voru við hana allan þann dag og um kvöldið í Brautarholti 22 hjá kunningja þeirra. Aðfaranótt hins 23. júní á tímabilinu frá klukkan 0100-0300 skildu ákærðu, og kveðst ákærði ekki hafa séð meðákærða eftir það. Ákærði kveðst þá hafa verið á flækingi í leigubifreiðum með ýmsu fólki, sem hann vill ekki tilgreina. Ákærði man ekki, hvenær hann fór að sofa nótt þessa né hvar hann svaf. Hann kveðst geta tilgreint 10 til 15 manns, sem hann þreytti drykkju með á tímabilinu frá fimmtudeginum 22. fram á sunnudag, en ekki kæra sig um, að fólk þetta verði ónáðað.

Ákærða var kynntur framburður vitnanna í máli þessu.

Varðandi framburð Tage Vilhelm Jönson tók ákærði fram, að hann héldi enn fast við framburð sinn, og neitaði eindregið að hafa framið þjófnaðinn.

Ákærða var kynntur framburður Sólrúnar Elísdóttur, þar sem hún segir ákærða hafa hringt til sín klukkan 8 að morgni föstudagsins 23. júní. Ákærði segir þetta rangt. Hann hafi ekki komið heim til meðákærða Tryggva Rúnars föstudagsmorguninn 23. júní. Þá segir ákærði, að það, sem Sólrún Elísdóttir hefur borið um orðaskipti þeirra í hegningarhúsinu, sé rangt. Hafi engin slík orðaskipti átt sér stað milli þeirra Sólrúnar þar.

Um framburði þeirra Soffiu og Inga Sigurðar Ágústss sagði ákærði, að hann teldi, að við sakbendinguna hefðu þau tekið sig í misgripum fyrir einhvern annan. Ákærði tók fram, að þau hafi verið illa fyrirkölluð og jafnvel undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann efast um réttmæti þessara sakbendinga og raunar fullyrða, að þær séu markleysa ein, þar sem hann hafi alls ekki verið í þessum umrædda leigubíl þennan dag og hvorki haft japanska peninga undir höndum né annan erlendan gjaldeyri.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur neitað að hafa framið margnefndan þjófnað og geti ekkert sagt um, hvort meðákærði hafi verið þar að verki. Ákærði kveðst hvorki að morgni föstudagsins 23. júní 1972 né í annan tíma hafa komið í Farfuglaheimilið að Laufásvegi 41. Ákærði kannast ekki við Tage Vilhelm Jönson.

Ákærði segir, að þegar þeim meðákærða Einari Sverri var sleppt fimmtudaginn 22. júní 1972, hafi þeir farið á flæking um borgina. Þeir hafi ekki bragðað áfengi, á meðan þeir voru saman. Þeir skildu einhvern tíma um kvöldið, gæti hafa verið um 9 leytid, og fór ákærði þá niður í Tjarnargötu 3 og dvaldist þar vel fram yfir miðnætti, eða til klukkan 01-02, að ákærði fór beint heim

til sín. Hann kveðst ekki hafa bragðað áfengi allan þann dag. Sé það öruggt, að þeir ákærði Einar Sverrir hafi ekki komið saman að Brautarholti 22 umræddan fimmtudag 22. júní.

Ákærði neitar því að hafa verið í leigubíl með meðákærða Einari Sverri, Soffíu Theodórsdóttur og Sólrúnu Elísdóttur umræddan dag og hljóti þar að hafa verið um einhvern annan mann að ræða. Hann hafi ekki orðið var við japanska peninga í fórum meðákærða og sjálfur hafi hann ekki haft slíka peninga undir höndum. Hann kveðst ekki treysta sér til að gera grein fyrir ferðum sínum, frá því hann losnaði hjá rannsóknarlögreglunni fimmtudaginn 22. júní og þar til á föstudagskvöld. Lenti hann á fyllirí og flæktist vítt og breitt um borgina, en nánar treysti hann sér ekki að fara út í það.

Ákærða var kynntur framburður Sólrúnar Elísdóttur, þar sem hún segir, að ákærði Einar Sverrir hafi hringt til hennar klukkan 8 að morgni föstudagsins 23. júní. Ákærði segir það rangt, sem Sólrún hefur borið. Ákærði kveðst hafa hitt ákærða Einar Sverri niðri í bæ umræddan föstudag og hafi þeir þá verið við drykkju viðsvegar um borgina, þar til ákærði var handtekinn. Sé alveg öruggt, að meðákærði hafi ekki komið heim til hans framan­greindan föstudag.

Ákærði kveðst ekki hafa séð vitnin Inga Sigurð Ágúst og Soffíu fyrr en við sakbendinguna.

Vitnið Leifur Guðlaugsson, faðir ákærða Tryggva Rúnars, hefur skýrt frá því, að ákærðu hafi komið heim til þess um eða eftir klukkan 8 morgun einn í vikunni milli 18. og 25. júní 1972. Vitnið segir, að það sé trúlegt, að það hafi verið á föstudegi, þar sem það fór út til þess að hitta mann, sem sótt hafði fyrir það laun þess. Vitnið kveðst fá útborgað á föstudögum. Þegar það kom heim aftur, voru ákærðu Tryggvi Rúnar og Einar Sverrir þar sofandi. Vitnið veit ekki, hvenær né hvernig þeir fóru á brott.

Vitnið Guðlaugur Ómar Leifsson, Selásbletti 14, bróðir ákærða Tryggva Rúnars, kveðst umræddan föstudag hafa farið til vinnu sinnar upp úr klukkan 0730. Þegar vitnið kom heim í hádeginu, voru þeir þar fyrir sofandi ákærðu Tryggvi Rúnar og Einar Sverrir. Vitnið kveðst alveg öruggt um, að þetta hafi verið á föstudegi. Man það þetta vel vegna þess, að um kvöldið sagði faðir þess, að hann hefði sótt laun sín, en vitnið segir, að faðir þess fái útborgað á föstudögum.

Ákærða Einari Sverri var kynntur framburður meðákærða Tryggva Rúnars í þinghaldi 21. júlí 1972, þar sem meðákærði

segist hafa skilið við ákærða á föstudagskvöldi 23. júní. Ákærði sagði, að hann hafi örugglega ekki séð meðákærða síðan á fimmtudagskvöldi 22. júní. Ákærða voru og kynntir framburðir þeirra Leifs Guðlaugssonar og Guðlaugs Ómars Leifssonar, þar sem þeir segja ákærðu hafa komið að Selásbletti 14 föstudagsmorguninn 23. júní 1972. Ákærði sagði framburð vitnanna rangan og endurtók, að hann hefði ekki séð meðákærða síðan á fimmtudagskvöldi 22. júní.

Ákærða Tryggva Rúnari voru og kynntir framburðir þeirra Leifs Guðlaugssonar og Guðlaugs Ómars Leifssonar, þar sem þeir segja, að ákærði hafi komið að Selásbletti 14 að morgni hins 23. júní 1972. Ákærði sagði framburð vitnanna rangan og kveðst halda fast við fyrri framburð sinn. Ákærða var kynntur framburður meðákærða Einars Sverris, þar sem hann segist ekki hafa séð ákærða síðan á fimmtudagskvöldi 22. júní 1972. Ákærði kveðst vilja halda sig við fyrri framburð sinn, þar sem hann segist hafa skilið við meðákærða á föstudagskvöldi 23. júní.

Niðurstöður.

Gegn neitun ákærða Tryggva Rúnars þykja lögfullar sannanir ekki fram komnar fyrir því, að hann hafi framið margnefndan þjófnað, og ber því að sýkna ákærða af ákærinni fyrir hann.

Með framburði vitnanna Tage Vilhelms, Sólrúnar, Soffíu og Inga Sigurðar Ágústs telst hins vegar sannað, að ákærði Einar Sverrir hafi átt hlut að þjófnaðinum frá Tage Vilhelm þrátt fyrir neitun ákærða um það, og varðar þetta atferli við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vitnið Tage Vilhelm Jönson hefur krafist þess hjá rannsóknar-lögreglunni að fá skaða sinn bættan, en eigi tilgreint í því sambandi ákveðna fjárhæð. Í skýrslu vitnisins fyrir dómi, sem tekin var, áður en dómari máls þessa fékk það til meðferðar, er ekkert á þetta minnst. Verður eigi lengur úr þessu bætt, þar sem vitnið er farið af landi brott og getur eigi mætt í dómi hér til að koma að kröfu í málinu.

Ákæra, dagsett 10. nóvember 1972.

Laugardaginn 22. júlí 1972, klukkan 1045, fóru tveir rannsóknar-lögreglumenn og tveir aðrir lögreglumenn samkvæmt símhringingu að Tjarnargötu 3 til Ingigerðar Hallgrímsdóttur, er þar býr. Hafði þeim verið tjáð, að ákærðu Einar Sverrir og Tryggvi Rúnar væru þar staddir og nauðsynlegt væri að kanna nánar, hvað þar væri að gerast. Þegar lögreglumennirnir komu á staðinn, voru báðir ákærðu þar fyrir, Jón Helgi Kristmundsson, Fornhaga 15,

Guðbjörn Helgi Ríkharðsson, sem lá sofandi ölvunarsvefni uppi í rúmi, og Ingigerður Hallgrímsdóttir.

Ingigerður skýrði lögreglumönnum frá því, að þá rétt áður hefði Jón Helgi verið rændur veski sínu og úr því teknar kr. 4.000 í peningum, allt í eitt þúsund króna seðlum. Jón Helgi sagði, að hann hefði verið staddur inni á salerni frammi á gangi íbúðarinnar ásamt ákærðu, þegar annar hvor þeirra hefði skyndilega náð seðlaveski hans úr jakkavasanum innanverðum. Um leið hefði ákærði Tryggvi Rúnar tekið um háls hans, en ákærði Einar farið inn í íbúðina með veskið. Veskið hafði síðar fundist undir gólfteppi í stofu íbúðarinnar, en ákærðu neituðu báðir að hafa tekið það. Við leit í fórum ákærðu fundust kr. 3.000 á ákærða Tryggva Rúnari, þar af voru tveir þúsund króna seðlar sambrotnir í buxnavasa hans, en einn þúsund króna seðill í veskinu. Í seðlaveski ákærða Einars Sverris voru kr. 4.300, og þar af voru fjórir þúsund króna seðlar.

Lögreglubífreið var kvödd á staðinn, og voru ákærðu fluttir í fangageymsluna. Var ákærði Tryggvi Rúnar mjög æstur og sýndi mótláða eftir mætti. Réðst hann að fyrra bragði á einn lögreglumanninn.

Lagt var hald á fé það, er ákærðu höfðu verið með á sér.

Vitnið Jón Helgi Kristmundsson trésmiður, til heimilis að Smiðjustíg 6 hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi hitt ákærðu Einar Sverri og Tryggva Rúnar við Grandakaffi laugardaginn 22. júlí 1972. Vitnið þekkti ákærða Tryggva Rúnar og tók ákærðu tali. Stakk ákærði Tryggvi Rúnar upp á því, að þeir færu saman að Tjarnargötu 3, en þar þekktu ákærðu eitthvert fólk. Vitnið tekur fram í þessu sambandi, að það hafi verið búið að segja ákærða Tryggva Rúnari, að það hefði peninga meðferðis. Þegar í Tjarnargötu 3 kom, var sest að drykkju. Tóku þátt í drykkjunni auk vitnisins og ákærðu piltur, sem heitir Helgi, maður að nafni Guðbjörn Helgi Ríkharðsson og húsráðandi, Ingigerður Hallgrímsdóttir. Vitnið kveðst hafa verið þarna nokkurn tíma. Fór Helgi á brott úr íbúðinni, en Guðbjörn Helgi sofnaði út frá drykkjunni. Vitnið kveðst hafa þurft að fara fram á salerni, og voru þá eftir í íbúðinni, vakandi, ákærðu báðir og Ingigerður, er var frammi í eldhúsi. Ákærði Tryggvi Rúnar kom á eftir vitninu á salernið og ákærði Einar Sverrir einnig. Þegar á salernið kom, réðst ákærði Einar Sverrir að vitninu og greip með handleggnum utan um háls þess. Rétt á eftir fann vitnið, að farið var með hönd ofan í brjóstvasa þess og veski þess tekið. Vitnið veit ekki, hvor

ákærðu var þar að verki, enda gat það engum vörnum við komið. Rétt eftir þetta sá vitnið, að annar hvor ákærðu hélt á veski þess, en því er ekki ljóst, hvor þeirra það var. Vitnið kveðst hafa beðið ákærða Einar Sverri að sleppa sér, og gerði hann það. Vitnið kveðst nú hafa borið á ákærðu, að þeir hefðu tekið veski þess. Hafi þá ákærði Tryggvi Rúnar ráðist að því og tekið utan um háls þess með sama hætti og ákærði Einar Sverrir. Í því fór ákærði Einar Sverrir inn í stofuna. Ákærði Tryggvi Rúnar bauð nú vitninu að leita á sér að veskinu. Leitaði vitnið á ákærða, en fann ekki veskið. Fór vitnið þá inn í íbúðina til að leita að ákærða Einari Sverri. Fann það hann í eldhúsinu, þar sem hann var að tala við Ingigerði. Vitnið bar á ákærða, að hann hefði stolið veski þess, en ákærði neitaði því eindregið. Hófst nú leit í íbúðinni að veskinu. Eftir nokkra leit kveður vitnið Ingigerði hafa lyft upp gólfteppinu í stofunni og hafi veski þess fundist undir því. Var búið að taka úr veskinu fjóra þúsund króna seðla, er þar höfðu verið. Rétt eftir þetta komu lögreglumenn á vettvang, og hófu þeir rannsókn í málinu. Vitnið kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, en ekki mikið.

Vitninu voru kynntir framburðir ákærðu um málsatvik.

Mótmælti vitnið þeim að svo miklu leyti sem þeir færu í bága við framburð þess. Kveðst vitnið í einu og öllu halda fast við framburð sinn. Vitnið krefst þess, að ákærðu greiði sér 4.000 krónurnar, sem voru í veskinu, en aðrar kröfur gerir það ekki á hendur þeim.

Vitnið Ingigerður Hallgrímsdóttir, Snorrabraut 52, áður til heimilis í Tjarnargötu 3, hefur skýrt frá því, að umræddan laugardagsmorgun, laust fyrir klukkan 0900, hafi ákærðu og einhver Jón, sem það hafði ekki séð áður, komið heim til þess í Tjarnargötu 3. Vitnið aðgætti ekki, hvort þeir hefðu vín meðferðis, en þeir virtust ekki vera mjög drukknir. Rétt áður en lögreglumennirnir komu á staðinn, höfðu ákærðu og framangreindur maður farið saman á salernið, sem er staðsett á ganginum frammi við úti-dyrhurðina. Vitnið heyrði allt í einu korr í einum þeirra og fór þá fram á ganginn til að sjá, hvað um væri að vera. Flaug því í hug, að þeir væru farnir að fljúgast á. Vitnið mætti ákærða Einari Sverri á ganginum. Sagði hann því, að allt væri í lagi, og gekk síðan inn í stofuna. Vitnið leit inn í stofuna rétt á eftir. Sá það, að ákærði var á fjórum fótum og var eitthvað að bauka, en það hugsaði ekkert frekar út í það þá. Stuttu á eftir kom ákærði Tryggvi Rúnar ásamt Jóni inn í íbúðina, og sagði Jón, að hann

hefði, er hann var á salerninu rétt áður, verið rændur seðlaveski sínu og hefðu það sennilega verið samantekin ráð hjá ákærðu. Vitnið sneri sér að ákærða Einari Sverri og spurði hann, hvað hann hefði verið að aðhafast inni í stofunni þá rétt áður. Ákærði sagðist ekkert hafa verið að gera. Vitnið bað ákærðu og Jón að koma með sér inn í stofuna, og gerðu þeir það. Gáði það þar undir nokkra púða, er lágu á gólfinu við gluggann, og strauk því næst yfir gólfteppið. Fann það, að eitthvað var undir því, og við nánari athugun fann það þar brúnt seðlaveski, sem Jón sagði, að hann ætti. Engir peningar voru í veskinu, en Jón sagði, að í því hefðu átt að vera fjórir eitt þúsund króna seðlar og nokkur hundruð krónur að auki. Vitnið kveður ákærðu hafa verið búna að segja, að þeir ættu enga peninga, en rétt áður en lögreglan kom, höfðu þeir ætlað að fara í vínbúð og kaupa áfengi. Ekki kom þó fram, hvor ætti að greiða það. Maður að nafni Guðbjörn Helgi Ríkarðsson hafði komið til vitnisins einhvern tíma um nóttina, en hafði sofnað út frá drykkju og var sofandi, þegar framangreindur atburður gerðist.

Vitnið fór þess á leit við ákærðu, að þeir létu Jón hafa það, sem hann saknaði úr veskinu. Þeir vildu ekki á það fallast og kváðust enga peninga hafa tekið af honum.

Vitnið Guðbjörn Helgi Ríkarðsson, Eiríksgötu 11, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt í Tjarnargötu 3 hjá Ingigerði Hallgrímsdóttur aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1972. Vitnið var illa fyrirkallað og lá fyrir um nóttina. Vitnið varð vart við, að ákærðu Einar Sverrir og Tryggvi Rúnar komu í Tjarnargötu 3 ásamt manni, sem vitnið þekkir ekki. Vitnið kveðst hafa verið meira og minna sofandi og lítið geta sagt um, hvað fram fór. Vitnið varð ekki vart við það, að veski væri stolið frá umræddum manni, sem heitir Jón Helgi Kristmundsson. Vitnið vaknaði, þegar lögreglan var komin í íbúðina og var að flytja ákærða Tryggva Rúnar á brott í járnum.

Ákærði Einar Sverrir hefur neitað að hafa stolið veski Jóns Helga Kristmundssonar, og eigi kveðst hann vita, hvort meðákærði hafi gert það. Í upphaflegri skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst ákærði alls ekki muna eftir að hafa lent í átökum við Jón Helga frammi á salerni í Tjarnargötu 3. Í síðari skýrslu sinni viðurkenndi ákærði þetta þó, en tók fram, að hann vissi ekki, hvernig átökin hafi byrjað. Ákærði kvað meðákærða einnig hafa lent í einhverjum átökum við Jón Helga.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi verið við

drykkju að morgni laugardagsins 22. júlí 1972 í Tjarnargötu 3 ásamt meðákærða Tryggva Rúnari, Jóni Helga Kristmundssyni, Fornhaga 15, Guðbirni Helga Ríkarðssyni og fleira fólki, og var Ingvar Diðrik Jóniússon þar á meðal. Peningaveski Jóns Helga var stolið frá honum umræddan morgun, og var nokkuð af fólkinu farið á brott, þar á meðal Ingvar Diðrik, er upp komst um þjófnaðinn. Ákærði kveður meðákærða og Jón Helga hafa komið til sín, þegar hann var staddur inni á salerni, og farið að fljúgast á. Ákærði reyndi að skilja þá, en það tókst ekki. Ákærði neitar að hafa ráðist á Jón Helga né á nokkurn annan hátt átt þátt í upp-tökum að átökunum. Nokkru eftir átökin bar Jón Helgi á ákærða, að hann hefði stolið veski hans, og tók Ingigerður undir þær ásakanir með honum. Ákærði neitaði þessu ákveðið og kveðst hafa heimtað að náð yrði í lögregluna. Ákærði man ekki eftir, að hann hafi verið að aðhafast neitt á fjórum fótum á gólfinu í stofunni, og telur, að framburður Ingigerðar um það sé einhver vitleysa. Veski Jóns Helga fannst í íbúðinni, en eigi veit ákærði hvar. Var þá búið að taka úr því peninga þá, sem í því höfðu verið, að sögn Jóns Helga. Ákærði neitar að hafa átt nokkurn þátt í þjófnaði á veskinu, og eigi veit hann til, að meðákærði hafi verið þar að verki. Ákærði kveður það ekki rétt, að hann hafi verið búinn að segja hjá Ingigerði, að hann ætti enga peninga. Hann hafi aldrei verið spurður um það. Um þá peninga, sem hann var með á sér, þegar hann var handtekinn, sé það að segja, að hann hafi fengið þá að láni og meira til, því að daginn áður hafi frændi sinn lánað sér kr. 8.000. Var hann búinn að eyða einhverju af þeim peningum, þegar hann var handtekinn. Ákærði neitar algerlega að segja frá nafni mannsins, sem lánaði honum þessa peninga, þar sem hann vill ekki valda honum því ónæði að þurfa að mæta í málinu sín vegna.

Ákærða var kynnt það, sem fram er komið í máli þessu. Hélt hann fast við framburð sinn og vildi í engu breyta honum.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við drykkju að morgni laugardagsins 22. júlí sl. í Tjarnargötu 3 hjá Ingigerði Hallgrímsdóttur ásamt meðákærða, Einari Sverri, Jóni Helga Kristmundssyni, Guðbirni Helga Ríkarðssyni, Ingvari Diðrik Jóniússyni og fleira fólki. Sofnaði Guðbjörn Helgi út frá drykkjunni, skömmu eftir að þeir komu í íbúðina. Ákærði telur, að Ingigerður hafi verið ódrukin. Skömmu áður en lögreglan kom á vettvang, fóru ákærði og Jón Helgi saman á salerni, og kom ákærði Einar Sverrir strax á eftir þeim. Ákærði kastaði af

sér vatni og fór svo aftur inn í eldhús, en um leið og hann var kominn þangað, heyrði hann hávaða frammi og fór fram aftur. Þá voru þeir ákærði Einar Sverrir og Jón Helgi að tuskast. Ákærði sagði þeim að hætta, en þeir sinntu því ekki. Þá tók hann í ákærða Einar Sverri og kastaði honum út í horn, og þar sem honum sýndist Jón Helgi líklegur til að halda tuskinu áfram, tók hann hálstaki á honum. Hann bað ákærða að sleppa sér, og gerði ákærði það strax. Þá strax á eftir fór Jón Helgi að tala um, að ákærði Einar Sverrir hefði í stimpingunum rænt sig veski sínu með um kr. 4.000, en ákærði Einar Sverrir neitaði. Ákærði fór nú fram í eldhús og fékk sér mjólk og kökur, en þegar hann kom aftur inn í stofu, var veskið fundið. Heyrði ákærði, að það hefði fundist undir teppinu í stofunni, peningalaust. Svo kom lögreglan og tók ákærðu. Ákærði fór að heiman daginn áður með kr. 3.000 í peningum. Kr. 1.000 gaf móðir hans honum, en kr. 2.000 átti hann eftir, frá því hann losnaði af Litla-Hrauni hinn 16. júní 1972. Ákærði neitar að hafa tekið veski Jóns Helga og veit ekki, hvort meðákærði tók það, á meðan hann brá sér frá.

Ákærði kveður framburð meðákærða um þetta ekki alls kostar réttan. Hafi hann aldrei ráðist á Jón Helga né átt nokkurn þátt í upptökum að átökum milli meðákærða og hans.

Ákærða var kynnt það, sem fram er komið í málinu um þjófnað veskisins. Kveðst hann þrátt fyrir það halda fast við framburð sinn og eigi vilja breyta honum.

Gegn neitun ákærðu þykir ekki sannað þrátt fyrir framburð Jóns Helga Kristmundssonar og annað, sem fram hefur komið í máli þessu, að þeir hafi stolið margnefndu veski Jóns Helga, og ber því að sýkna þá af ákærinni um það atferli.

Ákæra, dagsett 6. desember 1972.

Mánudaginn 2. október 1972 kom Sigurður Magnússon strætisvagnsstjóri, Suðurlandsbraut 73, í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og kærði út af þjófnaði, er framinn hefði verið heima hjá honum aðfaranótt sunnudagsins 1. október. Kvaðst Sigurður hafa verið sofandi heima hjá sér umrædda nótt, er Guðbjörn Elísson, Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, vakti hann upp. Spurði hann Sigurð, hvort hann mætti koma inn til hans ásamt systur sínum Sólrúnu og Elínu. Sigurður leyfði það, en er þau voru að koma inn til hans, fylgdu í kjölfarið 4 piltar. Var allt þetta fólk drukkið að sögn Sigurðar. Dvaldist það hjá honum til morguns, en fór þá brott í skyndingu að undanteknum einum pilti. Sigurður hafði lagst til svefns, en vaknaði, um leið og fólkíð fór. Fór hann inn

í herbergi það, er það hafði verið í. Sá hann þá, að eldhúshnífur hans lá á skrifborði, er þar var, og skúffa í því hafði verið sprengd upp. Hafði verið stolið úr veski, er var geymt í skúffunni, um 6.000 kr. í peningum og strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 3.900 úr öðru veski. Peningakassi, er var í skúffunni, hafði verið sprengdur upp, en engu stolið úr honum. Þá kvaðst hann sakna úrs síns. Sigurður kvað sig gruna, að ákærði Tryggvi Rúnar og Elín Elísdóttir væru völd að þjófnaði þessum, þótt aðrir, er þarna voru, kunni að hafa verið í vitorði með þeim.

Lögreglan handtók ákærða Tryggva Rúnar að kvöldi sama dags og tilkynnt var um þjófnaðinn. Viðurkenndi ákærði að hafa verið heima hjá Sigurði umrædda nótt, en neitaði að vera valdur að þjófnaðinum. Við rannsókn málsins kom í ljós, að ákærði hafði látið Elínu Elísdóttur, er að framan greinir, hafa strætisvagnamiða, en hún síðan gefið systur sínum af þeim.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur viðurkennt við rannsókn málsins að vera valdur að þjófnaðinum frá Sigurði Magnússyni. Hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi komið heim til Sigurðar framangreinda nótt ásamt fleira fólki. Ákærði kveðst hafa séð veski Sigurðar í skúffunni í skrifborði hans, er hann þurfti að opna hana. Hafi sér þá dottið í hug að stela peningum úr því. Kveðst ákærði hafa farið fram í eldhús, tekið þar hníf og reynt að opna skúffuna, en það hafi ekki tekist. Hafi hann þá sótt upptakara og opnað skúffuna með honum. Ákærði kveðst hafa stolið úr skúffunni um 6.000 kr. í peningum og strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 3.900. Einnig sprengdi hann upp lítinn peningakassa, er var í skúffunni. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa stolið armbandsúri hjá Sigurði. Ákærði eyddi peningunum í áfengis kaup, en lét Elínu og fólk, er hann hitti og getur ekki gert nánari grein fyrir, hafa strætisvagnamiðana. Úrið fannst heima hjá ákærða, og einnig komu í leitirnar strætisvagnakort að verðmæti kr. 1.800. Kvað Sigurður því vanta strætisvagnakort að fjárhæð kr. 2.100.

Framangreint atferli ákærða, er í ákæru greinir, er sannað með játningu hans og öðrum gögnum máls þessa. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sigurður Magnússon hefur krafist þess, að ákærði greiði sér kr. 8.100 í skaðabætur. Hefur ákærði samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

Ákæra, dagsett 22. mars 1973.

Laugardaginn 2. desember 1972, klukkan 0220, var hringt á lögreglustöðina og beðið um aðstoð að bifreiðinni R 13040, sem

stæði við veitingahúsið Klúbbinn í Borgartúni. Lögreglumenn héldu á staðinn og höfðu tal af ökumanni bifreiðarinnar, Kristjáni Karli Torfasyni, Smyrilsvegi 29 hér í borg. Tjáði hann þeim, að maður nokkur hefði þá skömmu áður sparkað í bifreiðina og hefði vinstra afturaurbretti nokkuð rispast. Kristján Karl vísaði þeim á mann þennan, þar sem hann stóð við aðalinnganginn að Klúbbnum. Var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu fyrir aðalvarðstjóra Magnús Einarsson. Maður þessi var ákærði Einar Sverrir Einarsson. Hann neitaði að hafa sparkað í bifreiðina eða rekist utan í hana á nokkurn hátt. Ákærði, sem var nokkuð ölvaður, var færður í fangageymsluna. Farþegar í bifreiðinni voru m. a. Sævar Sigurhansson, Otrateigi 26, og Ása Oddsdóttir, Kleppsvegi 54. Þau sögðu lögreglunni, að þau hefðu bæði séð, er ákærði sparkaði í bifreiðina. Skráður eigandi bifreiðarinnar R 13040 er Guðbjörn Jensson, Ásgarði 145.

Vitnið Kristján Karl Torfason hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið austur Borgartún á leigubifreiðinni R 13040 umrædda nótt með farþega. Þegar vitnið kom á móts við veitingahúsið Klúbbinn, þurfti það að stöðva af og til vegna bifreiða og gangandi fólks, en dansleik var þá nýlokið í veitingahúsinu. Vitnið ók því mjög hægt. Vitnið kveðst hafa tekið eftir manni á vinstri hönd, eða norðan megin götunnar, og beið hann eftir að komast yfir. Maður þessi var dökkhærður og með yfirskegg. Var hann í brúnum jakka með skinnkraga. Um leið og vitnið ók fram hjá manningnum, sparkaði hann í afturbretti bifreiðarinnar. Vitnið stöðvaði samstundis, fór út úr bifreiðinni og hafði tal af manningnum, sem þá var kominn yfir götuna. Spurði vitnið manninn, hverju það sætti að sparka í bifreiðina. Maðurinn svaraði illu einu og þrætti fyrir verknaðinn. Vitnið kvaðst mundu kalla á lögregluna og gerði það strax. Lögreglan kom fljótlega á vettvang og handtók manninn, en hann þrætti fyrir verknaðinn sem áður. Vitnið er öruggt um, að enginn annar en umræddur maður, sem var ákærði Einar Sverrir, sparkaði í bifreiðina, þar sem hann var eini maðurinn, sem var í nánd við hana, er það gerðist. Við spark ákærða rispaðist afturbretti bifreiðarinnar, og dæld kom í króm-lista.

Vitnið Ása Oddsdóttir, Kleppsvegi 54, hefur skýrt frá því, að það hafi verið farþegi í leigubifreiðinni R 13040 ásamt Sævari Sigurhanssyni, Otrateigi 26, o. fl. umrædda nótt. Þau sátu bæði í aftursæti bifreiðarinnar. Laust eftir klukkan 0200 voru þau á leið austur Borgartún. Þegar að veitingahúsinu Klúbbnum kom,

þurfti bifreiðarstjórinn að stöðva vegna gangandi fólks. Kom þá maður, sem var að bíða eftir því að komast yfir götuna að bifreiðinni, og sparkaði í vinstra afturbretti hennar. Maður þessi var í brúnum jakka með skinni. Bifreiðarstjórinn kvaddi lögregluna á staðinn. Handtók lögreglan manninn að tilvísun bifreiðarstjórans, en hann var þá kominn að aðaldyrum Klúbbsins. Vitnið sá aldrei framan í manninn og ekki háralit hans né hvort hann var með skegg. Það er öruggt um, að lögreglan handtók sama manninn og sparkaði í bifreiðina og byggir það aðallega á klæðaburði hans.

Vitnið Sævar Sigurhansson kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 13040 umrædda nótt. Um klukkan 0200 var bifreiðin á leið fram hjá Klúbbnum. Þurfti bifreiðarstjórinn að stöðva bifreiðina þar vegna gangandi fólks. Þá kom dökkhærður maður með skegg, klæddur brúnum jakka. Virtist sem hann væri ópolinmóður að komast yfir götuna, og sparkaði hann í vinstra afturbretti bifreiðarinnar. Fór hann síðan yfir götuna og að aðaldyrum veitingahússins. Bifreiðarstjórinn kvaddi til lögreglu, sem kom skömmu síðar, og var henni vísað á manninn, sem síðan var handtekinn. Vitnið sá, þegar lögreglan handtók manninn, og var það sami maðurinn, sem sparkaði í bifreiðina. Ekki virtist vitninu hann mikið undir áhrifum áfengis. Vitnið sat í aftursæti bifreiðarinnar í umrætt sinn og tók vel eftir manninum og er visst um, eins og það hefur áður sagt, að maður sá, er lögreglan handtók eftir tilvísun bifreiðarstjórans, var maðurinn, sem sparkaði í bifreiðina.

Vitnið Kristjana Ólöf Fannberg, Þverbrekku 2, Kópavogi, hefur skýrt frá því, að það hafi verið farþegi í leigubifreiðinni R 13040 ásamt Ásu Oddsdóttur o. fl. umrædda nótt. Bifreiðinni var ekið inn Borgartún, um klukkan 0200, fram hjá veitingahúsinu þar. Þegar á móts við það kom, þurfti bifreiðarstjórinn að stöðva vegna umferðar um götuna. Vitnið kveðst hafa heyrt, að högg kom á vinstra afturbretti bifreiðarinnar, og sagði fólkið, sem var í bifreiðinni, að maður hefði sparkað í hana. Vitnið sá, að maður gekk aftur fyrir bifreiðina í þessu áleiðis að veitingahúsinu. Vitnið sá ekki manninn greinilega og treystir sér ekki til að þekkja hann aftur, en enginn annar maður var á ferli þarna við bifreiðina. Vitnið kveður lögregluna hafa verið kvadda á staðinn og handtók hún manninn við veitingahúsið. Vitnið sá manninn ógreinilega og getur ekkert um það sagt, hvort það var sami maðurinn og var við bifreiðina.

Vitnið Hilmar Ólason, Laugarnesvegi 62, kveðst hafa verið á ferð í leigubifreiðinni R 13040 framangreinda nótt ásamt Sævari Sigurhanssyni, Ásu Oddsdóttur og framangreindu vitni. Vitnið sat í framsæti. Þegar komið var að veitingahúsinu Klúbbnum við götuna, þurfti ökumaður bifreiðarinnar að stöðva vegna umferðar. Vitnið veitti athygli manni, er stóð norðan megin götunnar og var að veifa bifreiðum. Þegar bifreiðin kom á móts við hann, heyrði vitnið, að högg kom á vinstra afturbretti, og var strax haft orð á því, að maðurinn hefði sparkað í bifreiðina. Vitnið kveður engan annan mann hafa staðið þarna og geti því ekki annar hafa gert þetta. Maðurinn hljóp í áttina að veitingahúsinu. Veittu Sævar og vitnið honum eftirför. Þegar að húsinu kom, stóð maðurinn upp við það undir skjólhlíf. Þeir fylgdust síðan með manninum, er var kyrr á sama stað, uns lögreglan kom og handtók hann. Vitnið kveðst aldrei hafa misst sjónar af manninum, frá því hann hljóp frá bifreiðinni, uns lögreglan kom á vettvang.

Ákærði Einar Sverrir hefur skýrt frá því, að hann hafi komið að veitingahúsinu Klúbbnum í langferðabíl títtnefnda nótt. Bifreiðin nam staðar norðan Borgartúns. Ákærði kveðst hafa þurft að fara að veitingahúsinu sunnan götunnar. Mikil bifreiðaumferð var um götuna, og gekk hún hægt og stöðvaðist alveg stundum. Ákærði man ekki til þess, að hann hafi þurft að bíða eftir að komast yfir götuna, en kveðst hafa gengið rakleitt yfir. Þegar ákærði var kominn yfir götuna og var á leiðinni að veitingahúsinu, kom maður til hans og bar á hann, að hann hefði sparkað í bifreið hans, er hefði verið á leið um götuna. Ákærði kveðst hafa neitað þessu, enda hafi hann alls ekki gert það og væri um miskilning að ræða. Nokkru síðar kom lögreglan á vettvang og handtók hann. Ákærði kveðst hafa verið lítils háttar með áfengisáhrifum, en muna allt vel, er gerðist. Ákærði mótmælti framburðum vitnanna, er honum voru kynntir.

Með framburði vitnanna í máli þessu þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sparkað í bifreiðina R 13040 og unnið þau spjöll á henni, er að framan greinir, en áætlaður viðgerðarkostnaður á bifreiðinni er talinn nema kr. 3.500. Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Guðbjörn Jensson, eigandi bifreiðarinnar, hefur fallið frá skaðabótakröfu á hendur ákærða, enda telji hann þýðingarlaust að gera hana.

Ákæra, dagsett 5. júní 1973.

Priðjudaginn 13. mars sl., klukkan 0432, hringdi á lögreglustöðina við Dragháls Rúnar Valsson lögreglumaður, Blöndubakka 10. Hann óskaði eftir aðstoð í Lyfjabúð Breiðholts við Arnarbakka vegna manns, er hann væri með í haldi og hefði brotist þar inn.

Lögreglumenn héldu á staðinn. Hittu þeir Rúnar þar, og hélt hann manni, er var í handjárnnum. Rúnar kvaðst hafa verið vakandi uppi í rúmi heima hjá sér, er hann heyrði brothljóð. Þegar hann leit út um glugga á heimili sínu, sá hann mann standa við dyr að áður nefndri lyfjabúð. Hann klæddi sig, tók með sér handjárn og fór strax að lyfjabúðinni. Þegar hann kom þar að, sá hann, að brotin hafði verið stór rúða í hurðinni og mann standa inni í lyfjabúðinni fyrir innan afgreiðsluna. Hann kvaðst hafa farið inn um brotnu rúðuna, sett manninn í handjárn og hringt síðan til lögreglunnar. Maður þessi var Einar Sverrir Einarsson, ákærði í máli þessu. Færði lögreglan hann í fangageymsluna. Hann hafði meðferðis kr. 1.250. Á ákærða fannst ekkert, er gæti verið úr lyfjabúðinni. Lögreglan hafði samband við umráðamann lyfjabúðarinnar, Ingibjörgu Böðvarsdóttur, og kom hún á staðinn. Hún kvaðst ekki sjá, að hreyft hefði verið við neinu inni í lyfjabúðinni.

Vitnið Rúnar Valsson hefur skýrt frá því, að það hafi legið uppi í rúmi heima hjá sér að Blöndubakka 10 þriðjudaginn 13. mars sl., um klukkan 0425, og verið að lesa, er það heyrði brothljóð. Vitninu datt í hug, að verið væri að brjótast inn í Breiðholtskjör. Fór það fram í eldhús og síðan út á svalir íbúðar sinnar til að kanna, hvað um væri að vera. Vitnið kom auga á mann, er stóð við dyrnar á búð í Breiðholtskjöri við Arnarbakka og var að hreinsa glerbrot úr útihurðinni. Maður þessi, sem var í ljósbrúnum kuldajakka, var dökkhærður. Vitnið áleit, að maðurinn væri að fremja innbrot. Kveðst það hafa smeygt sér í buxur og jakka, tekið handjárn og hlaupið út. Þegar vitnið kom á staðinn, sá það, að rúða var brotin í Lyfjabúð Breiðholts. Vitnið gáði inn um opið og sá mann á hreyfingu fyrir innan afgreiðsluborðið. Jafnframt heyrði vitnið glamur í glösum eða öðru þess háttar. Vitnið fór inn um opið á hurðinni, en rak sig í hana um leið, og byrjaði þá þjófabjalla að hringja. Við það tók maðurinn viðbragð, en stóð kyrr og horfði í átt að vitninu. Vitnið stökk yfir afgreiðsluborðið, og kom maðurinn í því á móti því. Vitnið þekkti strax manninn, sem var ákærði Einar Sverrir Einarsson. Vitnið þreif

til ákærða og hélt honum. Ákærði stimpaðist á móti og hugðist koma sér á brott. Vitnið tók þá upp handjárnin og handjárnaði ákærða. Vitnið hringdi að því búnu á lögregluna, en fór svo með ákærða fram fyrir afgreiðsluborðið og lét hann setjast þar. Vitnið kveður ákærða hafa verið undir einhvers konar annarlegum áhrifum, en vínlykt var ekki af honum. Vitnið spurði ákærða, hvað hann hefði verið að gera. Sagði ákærði fyrst, að hann hefði farið þarna inn, af því að sér hefði verið kalt, en síðan breytti hann framburði sínum og sagði, að hann hefði komið að manni, sem var að brjóta rúðuna. Hefði maðurinn hlaupið á brott, en ákærði farið inn í lyfjabúðina til að hringja á leigubifreið. Vitnið telur, að í mesta lagi hafi liðið fimm mínútur, frá því það heyrði brothljóðin og þar til það hafði handtekið ákærða. Vitnið kveður vera öruggt, að það var sami maður, sem það sá hreinsa glerbrotin úr hurðinni, og það handtók síðar inni í lyfjabúðinni, þ. e. ákærði Einar Sverrir. Vitnið kveðst hafa gáð að mannaferðum við Breiðholt skjör, en ekki hafa orðið vart við neinn annan en ákærða, eins og áður greinir.

Ákærði Einar Sverrir hefur skýrt frá því, að hann hafi verið á dansleik í Þórscafé mánudagskvöldið 12. mars sl. Fór hann einn á dansleikinn, en þar hitti hann margt af fólki, sem hann þekkti. Ákærði sat ekki við neitt ákveðið borð, en er líða tók á dansleikinn, hitti hann stúlku, sem sagðist heita Jónína, en vera kölluð Jóna. Hann dansaði við hana og settist síðan við borðið hjá henni. Var hún með einhverju fólki, sem ákærði þekkti ekki og hafði ekki séð áður.

Að dansleik loknum, klukkan 0100, bauð hún ákærða með sér heim. Tóku þau leigubifreið fyrir utan Þórscafé um klukkan 0115, og var ekið heim til hennar í Breiðholtshverfi. Ákærði man ekki, hvar hún á heima þar, en gatan endar á bakki, og var íbúðin á 1. hæð til hægri. Ákærði veit ekki, hvort stúlkan leigir þar eða býr hjá foreldrum sínum, en hann sá engan í íbúðinni. Ákærði var mikið drukkinn. Hann man ekki, hvað hann dvaldist lengi í herberginu hjá stúlkunni, en telur, að það hafi verið um tvær klukkustundir. Þegar hann var að fara þaðan, ætlaði hann að hringja í leigubifreið, en stúlkan sagði, að það væri enginn sími í íbúðinni, svo að hann lagði af stað gangandi. Hann kvaðst vera ókunnugur á þessum slóðum, og þegar hann hafði gengið í nokkurn tíma, kom hann að verslunarhúsum við Arnarbakka. Þar er sund og verslanir beggja vegna. Þegar hann gekk fyrir hornið á götunni inn íundið, heyrði hann brothljóð. Kveðst hann hafa

séð ljóshærðan mann við eina verslunina þar. Heyrði ákærði í því brothljóð. Sá hann manninn hlaupa út úr sundinu, er hann varð ákærða var. Ákærði kveðst ekki hafa veitt manninum eftirför, en haldið að versluninni. Nam hann staðar fyrir utan hana litla stund, en fór síðan inn í hana um opið á rúðunni. Kveður hann tilganginn hafa verið að hringja á leigubifreið og hafi ætlunin verið að biðja bifreiðarstjóran um að gera lögreglunni viðvart um innbrotið. Ákærði kveðst engin glerbrot hafa hreinsað úr hurðinni, áður en hann fór inn um opið. Geti verið, að hann hafi komið við eitthvað af glerbrotunum í opinu með öxlunum, er hann fór inn, þannig að eitthvað hafi hrúnið niður. Ákærði tekur fram, að hann hafi ekki gert sér ljóst, um hvers konar verslun var að ræða, sem hann fór inn í, enda hafi verið skuggsýnt og verslunin lítil. Ákærði fór á bak við afgreiðsluborðið í versluninni til að leita að símanum, en fann hann ekki. Ákærði snerti ekki við neinu þarna inni. Þegar hann hafði verið nokkra stund inni í versluninni, var kallað til hans og hann beðinn að koma að dyrunum. Í því kom maður til ákærða og handjárnaði hann, án þess að ákærði sýndi móttþróa. Ákærði tekur fram, að hann geti ekki gefið neina nánari lýsingu á manni þeim, sem braut rúðuna í apótekinu. Einnig segir ákærði, eins og áður greinir, að hann hafi ekki vitað, um hvers konar verslun var að ræða, sem hann fór inn í, fyrr en við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði neitar að hafa ætlað að stela neinu í apótekinu. Ákærði minnst þess ekki, að maðurinn, sem tók hann inni í apótekinu, hafi spurt hann, hvað hann væri að gera þar, eða yfirleitt spurt hann neins, enda hafi hann verið mjög æstur og virst mikið fát á honum. Fékk hann því ekki tækifæri til að segja honum frá ljóshærða manninum, sem hann sá þarna og var að brjóta rúðuna. Ákærði treystir sér ekki til að gefa neina lýsingu á þessum ljóshærða manni, sem hann sá. Þó telur hann, að hann hafi verið á hæð við sig, um 178 cm. Var hann klæddur ljósum jakka, en buxurnar voru fremur dökkar. Ákærði sá hann í nokkurri fjarlægð og aðeins stutta stund, því að hann hljóp á brott, um leið og hann varð var við ákærða.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur ákærði Einar Sverrir haldið því fram, að hann hafi farið inn í Lyfjabúð Breiðholts til að hringja á leigubifreið, eftir að maður, sem hann ekki þekkir, hafði brotið þar rúðu. Er þessum framburði ákærða hafnað, og telur dómurinn sannað, þegar virt eru málsatvik, að ákærði hafi brotist þarna inn í þjófnaðarskyni.

Varðar þetta atferli ákærða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigandi lyfjabúðarinnar hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna þessa atferlis hans.

Refsing ákærða Einars Sverris þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og með tilvísun til 72. og 255. gr. sömu laga 1 árs fangelsi. Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist ákærða 27. júní—17. júlí og 22.—29. júlí 1972 og 13.—28. mars 1973, eða alls í 42 daga, komi til frádráttar refsingunni.

Refsing ákærða Tryggva Rúnars þykir hæfilega ákveðin með tilvísun til 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 6 mánaða fangelsi. Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 28. júní—18. júlí, 18.—21. júlí og 22.—29. júlí 1972, eða alls í 30 daga, komi til frádráttar refsingunni.

Ákærða Einar Sverri ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 18.000 í réttargæslubóknun og málsvarnarlaun og ákærða Tryggva Rúnar til að greiða Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni kr. 6.000 í réttargæslubóknun, en annan sakarkostnað þykir rétt, að ákærðu greiði in solidum.

Dómarinn vill að lokum taka fram eftirfarandi:

Mál þetta hefur hann fengið í hendur jafnóðum eftir útgáfu ákæruskjala. Ákærðu hafa sjaldan eða ekki verið að finna, þar sem þeir gefa upp heimilisfang. Hefur sá háttur verið hafður á um ákærða menn, er þannig stendur á með, en þeir skipta oftast nokkrum tugum, að útbúa lista með nöfnum þeirra með vissu millibili og afhenda þá boðunardeild dómsins og rannsóknarlögreglunni. Var svo gert um báða ákærðu, nokkru eftir að ákæran var gefin út á hendur þeim 24. ágúst 1972. Ákærði Einar Sverrir náðist ekki fyrir dóm fyrr en 11. desember sama ár, og var þá tekin af honum skýrsla um sakarefnið í ákærunum frá 24. ágúst og 10. nóvember 1972. Kvaðning á ákærða Tryggva Rúnari bar hins vegar ekki árangur fyrr en 15. mars 1973, og var þá tekin skýrsla af honum um sakarefnið í framangreindum ákærum svo og í ákærunni frá 6. desember 1972. Var ákæran á hendur ákærða Einari Sverri, sem útgefin er 22. mars, þá aðeins ókomin, en skýrsla var tekin af honum út af sakarefni því, er þar greinir hinn 5. næsta mánaðar. Ákærði Einar Sverrir sætti þá rannsókn út af innbroti í þjófnaðarskyni 13. mars í Lyfjabúð Breiðholts. Saksóknari gaf út ákæruskjal á hendur ákærða út af því 5. júní,

en skýrsla af ákærða var tekin um það fyrir dómi 8. sama mánaðar. Ákærði Einar Sverrir var grunaður um þátttöku í innbrotsþjófnaði í Háaleitisapótek aðfaranótt 13. júní sl. og hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald af þeim sökum. Var ætlunin að bíða eftir ákvörðun saksóknara um þetta. Rannsókn þess máls er enn eigi lokið, og þótti ekki fært að draga mál þetta lengur en þegar var orðið. Þá skal tekið fram, að fá vitnanna í máli þessu mættu á þeim tíma, sem þau voru kvödd fyrir dóm, og tók jafnvel nokkrar vikur að ná til sumra þeirra.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Sverrir Einarsson, sæti fangelsi í 1 ár. Til frádráttar refsingunni komi 42 gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 30 gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði Tryggvi Rúnar greiði Sigurði Magnússyni kr. 8.100.

Ákærði Einar Sverrir greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 18.000 í málsvarnarlaun og ákærði Tryggvi Rúnar greiði Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni kr. 6.000 í réttargæslubókun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.